

Læknaráð

Stjórnarfundur 19.02.2021
2.Stjórnarfundur – FUNDARGERÐ

Dagsetning og staður: 19.02.21 kl:14:00 – Fjarfundur á Teams

Fundinn sátu:

Nefndarmenn: Steinunn Þórðardóttir(formaður), Gunnar Bjarni Ragnarsson(varaformaður), Svanheiður Lóa Rafnsdóttir(ritari), Oddný Ómarsdóttir, Þórunn Jónsdóttir

Gestir: Anna Margrét Jónsdóttir, Jón Gunnlaugur Jónasson, Karl Gústaf Kristinsson

Formaður, Steinunn Þórðardóttir setti fund og stýrði. Svanheiður Lóa Rafnsdóttir ritaði fundargerð.

1. Flutningur úrvinnslu leghálsstroka til Danmerkur. Samtal við fulltrúa Félags rannsóknarlækna:

Farið yfir stöðu mála við flutning úrvinnslu á leghálsstrokum til Danmerkur. Farið var yfir sögu leghálsskimana hjá KÍ, aðdraganda breytinga, mat fagráðs sérfræðinga (bæði minnihluta og meirihluta fagráðsins) og samskipti við ráðurneytið.

Aðstæður á Íslandi og á spítalanum voru rædd og farið var yfir möguleikana á því að halda úrvinnslu á sýnum innanlands. Ræddum víðtækar afleiðingar þess að flytja þessa starfsemi út úr landi.

Eftir umræður þá liggur fyrir að mörgum spurningum hvað varðar aðdraganda, skipulag og ákvarðanatöku varðandi flutning sýna er enn ósvarað. Það er ljóst að núverandi verklag með vinnslu sýna erlendis hefur víðtækar afleiðingar. Má þar nefna hæðst öryggi sjúklinga. Þverfaglegt samráð um greiningu og viðeigandi krabbameinsmeðferð kvenna með breytingar í leghálsi verður ekki möguleg, lífsýnabankinn hverfur úr landi og ekki verður hægt að tryggja aðgengi að sýnum. Rædd voru ýmis sjónarmið eins og að sérþekking flyst úr landi, neikvæð áhrif á menntun sérnámslækna, mörgum lögfræðilegum spurningum ósvarað bæði hérlendis og erlendis, réttur kvenna almennt óljós, hvernig verður hægt að rýna í og nálgast eldri sýni eftir þörfum, missum skatttekjur úr landi og kostnaðarliðir eru ekki gegnsæir. Skaðinn er skeður, almennt dapurt hvernig þetta fór og samráð við hluteigandi sérfræðinga með öllu ófullnægjandi. Ámælisverð vinnubrögð heilbrigðisyfirvalda.

Ræðum í sameiningu augljósar áhyggjur, afleiðingar og möguleika á úrbótum.

Niðurstöður: Sammælt var um að Læknaráð muni senda út ályktun á faglegum grunni, Steinunn leggur drög, áherlsa verður á sjúklingaöryggi, sérnám og vísindarannsóknir. Gunnar Bjarni talar fyrir hönd krabbameinslækna og tekur fyrsta samtal við fjölmiðla og vísar á hluteigandi sérfræðinga.

2. Fulltrúi lækna í Fagráði Landspítala: Aðrir faghópar hafa sína formenn í fagráði en SP biðst undan því og gerir tillögu um að varaformaður Læknaráðs taki það að sér, sem var samþykkt.

Niðurstaða: GBR verður fulltrúi lækna í Fagráði Landspítala.

3. **Fræðslunefnd Læknaráðs -tillögur að meðlimum:** Rætt hefur verið við Ásgerði Sverrisdóttur fyrrum formann fræðslunefndar, hún gefur ekki kost á sér í formanninn en biður sig fram í nefndina og ráðlagði að hámarki sex aðila í ráðið. **Niðurstaða:** Samhugur að bjóða Huldu Einarsdóttur (frá kir), Auði Smith/Ásgeir Thor (frá gyn), Ólaf Sveinsson, Ingvar Hákon, Ísafold Helgadóttur (geð), Anna Kristín Guðmundsdóttir (snl geð), Inga Jóna (hjartalyf), Kristján Orra (ranns.) og Ólaf Sam í fræðslunefndina. (Hver mun bjóða þeim? Náði því ekki ;))
4. **Fræðslufundur Læknaráðs:**
 - a. **Efni fyrsta fræðslufundar:** tillaga hefur borist frá Gunnari Bjarna og hún þegar samþykkt.
 - b. **Staðsetning, tími og tæknimál:** Helga Ágústa aðstoðar við fyrsta fund. Fundir voru annan föstudag í mánuði, raunhæft að byrja 12. Mars 2021. Leggjum til að fundur verði kl: 12 og stefnt verður að fá spítalann til þess að bjóða upp á mat/samlöku sem táknrænt fyrir góða samvinnu.
 - c. **Fyrsti fræðslufundur Læknaráðs** verður 12.03.21, kl: 12.00 í Hringsal LSH. Fyrirlesari GBR: Byltingin getur verið blóðug: saga tveggja Nóbelsverðlauna-ónæmismeðferð krabbameina og aukaverkanir. Fundarstjóri: Helga Ágústa.
 - d. **Fræðslufundur 09.04.21:** Tillaga um að taka DRG fyrir. Steinunn undirbýr samráð við stjórn. Fáum báðar hliðar (5 mín hvor) og svo umræður með ályktun sem ræðir báðar hliðar með áherslu á fagleg-og öryggissjónarmið.
5. **Námsréttindi lækna í COVID faraldri:** Sp biður Kristján Dereksson að gera beinagrind/uppkast varðandi þau mál.
6. **Fundargerðir:**
 - a. Allir samþykkja að við byrjum á því að senda fundargerðir til samþykktar í gegnum tölvupóst. En stefnum að því að færa það svo yfir á Teams síðar meir.
 - b. Tvær útgáfur fundargerðar: ein „lokuð“ og ein „opin“ . Sú lokaða fer inn á Teams hóp stjórnarinnar og sú opna verður sýnileg á netinu. Ekki búið að ákveða nákvæmlega hvar og hvenær.
7. **Heimasíða Læknaráðs (innri og ytri vefur):**
 - a. Ytri og innri síður eru úreltar, en fundargerðir verða á innri.
8. **Hvernig aukum við sýnileika okkar?** Facebook (alm og workplace), Instagram, heimasíða, aðrir möguleikar. Samhugur um að Oddný leiðir okkur áfram sem samfélagsmiðlastjóri Læknaráðs.
9. **Skipulögð hamingjustund og vorfagnaður:** Mikil ánægja og tilhlökkun. Dagsetning og staður auglýst síðar.
10. **Næstu dagsetningar:** næsti stjórnarfundur verður 05.03.21 kl:13

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 15.30.